

Skilablað – Geysir – hugmyndasamkeppni um skipulag og hönnun

Almennt um skilagreinar

Í 16. grein laga nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda er ákvæði um gerð skilamats.

Í reglum Framkvæmdasýslu ríkisins (FSR) um fyrirkomulag skilamats segir: „**Við minniháttar verk eða framkvæmdir sem hafa lítið samanburðar eða upplýsingagildi er heimilt að einfalda umfjöllun í skilamati**“. Þegar þessi háttur er hafður á er skýrslan nefnd „skilagrein“ eða „skilablað“ til afmörkunar frá skilamati. Aðeins í allra smæstu verkum eða þegar verkefni fá engan framgang er heimilt að gera skilablað.

Skilagrein og skilablað á ekki bara við framkvæmdir heldur líka ýmis verkefni sem Framkvæmdasýslan tekur að sér fyrir ráðuneyti og stofnanir sem felast í almennum ráðgjöf og þjónustu, eins og til dæmis við öflun leighúsnaðis (leiguverkefni).

Hér fer á eftir skilablað vegna verkefnisins Geysir – hugmyndasamkeppni um skipulag og hönnun.

1 Upphaf verkefnis

Bláskógbabyggð sendi ríkinu, sem einum af landeigendum Geysissvæðisins, bréf, dags. 12. janúar 2013, þar sem óskað var eftir að ríkið veitti samþykki sitt fyrir umsókn Bláskógbabyggðar og Landeigendafélags Geysis ehf. til Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða. Fjármála- og efnahagsráðuneytið fagnaði því að farið yrði í hugmyndasamkeppni / deiliskipulagsvinnu um Geysissvæðið og skipaði Halldóra Vífilsdóttur sem fulltrúa ríkisins vegna undirbúnings og sem fulltrúa í dómnefnd vegna samkeppninnar. Halldóra Vífilsdóttir var verkefnastjóri FSR í verkefninu.

2 Verklýsing

Verkkaupi FSR var fjármála- og efnahagsráðuneytið. Aðilar samkeppninnar eru eigendur svæðisins, þ.e. ríkið og aðilar sem standa að Landeigendafélagini Geysi ehf. Verkefnið fólst í að undirbúa og halda samkeppni um skipulag og hönnun Geysissvæðisins í Haukadal en uppbrygging og viðhald á hverasvæðinu hefur ekki haldist í hendur við þann mikla vöxt sem orðið hefur á fjölda innlendra og erlendra ferðamanna. Brýn nauðsyn er að byggja upp svæðið og vernda fyrir átroðningi.

Verkefnið var ekki í bókhaldi FSR, enda sá Bláskógbabyggð um utanumhald samkeppninnar.

3 Verknúmer

Þann 28. maí 2013 fékk verkefnið verknúmerið 609 1900.

4 Framvinda

Framkvæmdasjóður ferðamannastaða veitti Bláskógbabyggð styrk til þess að efna til samkeppninnar sem var haldin í samvinnu við

landeigendur Geysissvæðisins. Samkeppnin fór fram í samvinnu við Arkitektafélag Íslands. Formaður dómnefndar var Halldóra Vífilsdóttir, arkitekt og aðstoðarforstjóri Framkvæmda-sýslu ríkisins. Aðrir í dómnefnd voru Birgir Pröstur Jóhannesson, arkitekt FAÍ, Pétur Ingi Haraldsson skipulagsfulltrúi, fulltrúi Bláskóga-byggðar, Sigurður Másson, fulltrúi Landeigendafélags Geysis ehf. og Ulla Rolfsigne Pedersen, landslagsarkitekt FÍLA. Drífa Kristjánssdóttir, oddviti Bláskógbabyggðar, var ritari dómnefndar.

Samkeppnin var auglýst 20. september 2013 og var skilafrestur tillagna 30. janúar 2014. 14 tillögur bárust. Niðurstaða var kynt 6. mars 2014. Dómnefnd var samhljóma þegar kom að því að velja vinningstillóguna og hlaut tillaga Landmótunar sf. fyrstu verðlauna.

5 Kostnaður verksins

Kostnaður FSR við verkefnið var kr. 2.091.550 en vinna FSR var unnin án endurgjalds.

6 Niðurstaða verkefnis

Eftir niðurstöðu samkeppninnar voru eigendur svæðisins sammála um að verðlaunaðar hugmyndir yrðu nýttar í áframhaldandi vinnu við gerð heildarskipulags fyrir svæðið og stóðu vonir til að hefja mætti uppbyggingu á svæðinu á grundvelli þeirrar vinnu. Nýtt verknúmer var stofnað vegna útfærslu hugmynda, 614 2131, og var byrjað á að undirbúa framkvæmdir utan afgirts hverasvæðis enda er það land í eigu ríkisins óskipt.

7 Ákvörðun verkkaupa

Verkefninu lauk með niðurstöðu samkeppni og var haldið í deiliskipulagsvinnu á grundvelli niðurstöðunnar.

8 Verklok

Verklok samkeppni voru vorið 2014 en verkefnastjóri hélt áfram að vinna með fulltrúum fjármála- og efnahagsráðuneytis og eftir atvikum með fulltrúum Umhverfisstofnunar að málefnum Geysis til febrúar 2016.

9 Staðfesting skilablaðs

Undirrituð staðfestir hér með framanritað skilablað fyrir hönd Framkvæmdasýslu ríkisins.

Halldóra Vífilsdóttir, forstjóri